

Framkvæmd þingsályktunar um vernd tjáningar- og upplýsingafrelsí

Þann 16. júní 2010 samþykkti Alþingi þingsályktun þess efnis að Ísland skapi sér afgerandi lagalega sérstöðu um vernd tjáningar- og upplýsingafrelsí.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að leita leiða til að styrkja tjáningarfrelsí, málfrelsí, upplýsingamiðlun og útgáfufrelsí auch þess sem vernd heimildarmanna og afhjúpenda verði tryggð.

Í þessu skyni verði:

- a. gerð úttekt á lagaumhverfinu svo að hægt sé að afmarka viðfangsefnið og undirbúa nauðsynlegar lagabreytingar eða nýja löggjöf,
- b. litið til löggjafar annarra ríkja með það að markmiði að sameina það besta til að skapa Íslandi sérstöðu á sviði tjáningar- og upplýsingafrelsí,
- c. kannaðir möguleikar þess að koma á fót fyrstu alþjóðaverðlaununum sem kennd yrðu við Ísland, íslensku tjáningarfrelsíssverðlaununum,
- d. gerð úttekt á viðbúnaði ríkisins, einkum á sviði öryggismála, vegna starfrækslu alþjóðlegra gagnavera hér á landi,
- e. haldin alþjóðleg ráðstefna á Íslandi um breytingar á lagasetningu og netnotendaumhverfi með tilkomu gagnavera og hvaða réttarreglur gilda um netið.

Við starfið verði leitað aðstoðar sérfróðra erlendra aðila.

Markmiðið verði lýðræðisumþætur þar sem traustum stoðum verði komið undir útgáfustarfsemi og ásýnd landsins í alþjóðasamfélaginu efld.

Markmið þingsályktunarinnar er m.a. að hér á landi verði framsækið umhverfi fyrir skráningu og starfsemi alþjóðlegra fjölmíðla, útgáfufélaga, sprotafyrirtækja, mannréttindasamtaka og gagnaversfyrirtækja. Slíkar breytingar munu leiða til þess að treysta þurfi stoðir lýðræðis, hvetja til nauðsynlegra umbóta hérlandis og auka gagnsæi og aðhald. Í greinagerð með þingsályktunartillöggunni segir m.a.:

Upplýsingasamfélagið má sín lítils ef stöðugt er vegið að leiðum til að koma á framfæri upplýsingum sem viðurkennt er að almenningur eigi rétt á. Þótt sum lönd hafi lögfest fyrirmyn dir á þessu sviði hefur ekkert ríki enn sameinað allt það besta til að skapa sér sérstöðu svo sem [...] hér er kynnt. Ísland hefur því einstakt tækifæri til að taka forstu með því að búa til traustvekjandi lagaramma sem væri byggður á bestu löggjöf annarra ríkja.

Mennta- og menningarmálaráðherra hefur verið falið að vinna að framgangi þingsályktunarinnar. Þann 3. maí sl. skipaði ráðherra stýrihóp og er honum ætlað að hafa forsogn um að leiða vinnu ráðuneytisins við greiningu og úttekt á lagaumhverfinu hér á landi og erlendis með tilliti til efnis þingsályktunarinnar, einkum stafliða a og b, með hliðsjón af þjóðréttarskuldbindingum Íslands. Stýrihópurinn hefur fastan starfsmann, sem mun starfa í þágu hópsins í aðalstarfi. Aðsetur starfsmanns er í mennta- og menningarmálaráðuneytinu.

Stýrihópnum er ætlað að skila tillögum sínum til ráðuneytisins í formi greinagerðar með umfjöllun um helstu álitaefni og stefnumörkun fyrir helstu efnispætti nauðsynlegra lagabreytinga í samræmi við niðurstöður hennar. Umfjöllun í greinargerð stýrihópsins verður greinandi með ítarlegum rökstuðningi fyrir ástæðum tillagna styrkleikum þeirra og ávinnungi. Stýrihópurinn er ætlað að ljúka störfum eigi síðar en 1. maí 2013.

Stýrihópurinn telur mikilvægt að fá viðbrögð frá almenningi við framkvæmd þingsályktunarinnar. Hér með gefst yður kostur til þess að kynna þér efnis þingsályktunarinnar og skila inn athugasemdum og ábendingum til stýrihópsins. Athugasemdir sendist í tölvupósti á netfangið margret.magnusdottir@mrn.is merkt: Þingsályktun – tjáningar- og upplýsingafrelsí.

Stýrihópurinn er þannig skipaður:

Ása Ólafsdóttir, formaður, skipuð af mennta- og menningarmálaráðherra án tilnefningar

Davíð Logi Sigurðsson, tilnefndur af utanríkisráðuneyti

Elfa Ýr Gylfadóttir, tilnefnd af fjölmíðlanefnd

Halla Gunnarsdóttir, tilnefnd af innanríkisráðuneyti

Smári McCarthy, tilnefndur af IMMI, alþjóðleg stofnun um tjáningar- og upplýsingafrelsi

Tryggvi Björgvinsson, tilnefndur af mennta- og menningarmálaráðuneyti

Starfsmaður stýrihópsins er Margrét Magnúsdóttir lögfræðingur

Tengd skjöl:

- Umfjöllunarefni sem stýrihópurinn mun a.m.k. taka til skoðunar
- Tillaga til þingsályktunar um að Ísland skapi sér afgerandi lagalega sérstöðu varðandi vernd tjáningar- og upplýsingafrelsис